

**Ed.**

**700. Frumvarp til laga**

[204. mál]

um almenningssbókasöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 644 með þessum breytingum:

**5. gr. hijóðar svo:**

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo viðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur beirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hijáplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá er bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 29. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnum bókasafna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlits úr ríkissjóði, að fengnum tillögum bókafulltrúa.

**10. gr. hljóðar svo:**

Laun bókavarða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara.

**11. gr. hljóðar svo:**

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á.

Laun bókavarða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.